



Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
b/t Þórunn María Bjarkadóttir
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. desember 2007.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um hlutdeild sveitarfélaga í skatttekjum, (9. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu þar sem lagt er til að fela ríkisstjórninni að taka upp viðræður við Samband íslenskra sveitarfélaga um aukna hlutdeild sveitarfélaganna í innheimtum skatttekjum.

Hlutdeild sveitarfélaga í skatttekjum, öðrum en beinum útsvarstekjum, er ákvörðuð í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem starfar á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Þannig myndar Jöfnunarsjóðurinn einn af þremur lögbundnum tekjustofnum sveitarfélaga til viðbótar við fasteignaskatt og útsvar.

Til að átta sig betur á efni tillögunnar er því þarft að skoða nánar tekjusamsetningu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Tekjur Jöfnunarsjóðsins eru ferns konar, þar ber fyrst að nefna tvenns konar framlög úr ríkissjóði, annars vegar 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs (að fjármagnstekjuskatti undanþegnum) og hins vegar 0,264% af álagningarstofni útsvars vegna næstliðins tekjuárs. Til viðbótar við framangreint má nefna hlutdeild sjóðsins í útsvarstekjum sveitarfélaga sem nemur 0,77% af álagningarstofni útsvars hvert ár og að endingu vaxtatekjur af innistæðum sjóðsins. Samkvæmt tölum fjármálaráðuneytisins hafa framlög ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs hækkað um 200% frá árinu 1998, eða um 13% að meðaltali á ári, á meðan vísitala samneyslu hefur einungis hækkað um tæp 6% á ári að meðaltali.

Það er ljóst að allir tekjustofnar sveitarfélaga hafa blómstrað undanfarin ár, sem sést best ef helstu niðurstöður skattálagna fyrir árið 2007 eru skoðaðar. Í þeim niðurstöðum kemur m.a. fram að heildarfjöldi framteljanda hafi aukist um 5,2% milli árana 2006 og 2007 og hefur fjölgunin aldrei verið meiri. Það leiðir til þess að gjaldendum útsvars fjölgar, en sú aukning nemur 4,6% milli ára. Samanlögð álagning tekjuskatts og útsvars hækkaði að sama skapi um 13,4% milli ára, en ef hækking útsvars er skoðuð ein og sér þá er um 12,4% hækking á milli ára að ræða. Ef skatttekjur sveitarfélaga eru skoðaðar kemur í ljós að þær hafa nær tvöfaldast á 8 árum, úr rúmum 50 ma. kr. í tæpa 100 ma. kr.

Almennt eru einungis til tvær leiðir til að bæta afkomu rekstrareininga, hverju nafni sem þær nefnast. Það er annars vegar gert með því að auka tekjur með hækkun álagningar og hins vegar með því að draga úr kostnaði, þ.e. hagræða.


Hér að ofan var farið stuttlega yfir þróun tekjuhliðar sveitarfélaganna, þ.e. að tekjustofnar þeirra hafi almennt tekið stór stökk upp á við. Því til viðbótar verður að skoða hvernig útsvarsmálum er háttað hjá sveitarfélögum, en árið 2007 er vegið meðaltal útsvarsprósentu sveitarfélaganna 12,97%, af hámarksútsvarshlutfalli er nemur 13,03%. Það er því ljóst að lang stærsti hluti sveitarfélaga leggur á lögbundið hámarksútsvar. En þess má geta að framangreint meðaltal var 11,57% árið 1997 og hefur hækkað ár frá ár síðan þá, á meðan tekjuskattshlutfall ríkissjóðs hefur farið lækkandi á sama tímabili. Af framangreindu er ljóst að lang flest sveitarfélög hafa brugðið á það ráð að auka tekjur með hækkun útsvars til að bæta rekstrarafkomu sína, en m.v. málflutning tillöguflytjenda þá virðist það hafa skilað litlum árangri.

Þá er nauðsynlegt að huga að kostnaðarhliðinni, en hingað til hefur hagræðingarumræðan ekki fengið mikinn hljómgrunn meðal sveitarfélaga. Ef skoðaðar eru tölur um rekstrarútgjöld sveitarfélaga þá hafa þau hækkað um 125% frá árinu 1998 til ársins 2006 og hafa þannig nánast haldist í hendur við hækkun skatttekna, sem er um 149% á sama tímabili. Hluta af þessari aukningu útgjalda má rekja til yfirfærslna verkefna frá ríki til sveitarfélaga. En hluta má rekja til þess að enginn innbyggður hvati er til staðar til að hagræða í rekstri og ráðstafa þannig fjármunum sveitarfélaga á hagkvæmari hátt. Hvað það varðar telur Viðskiptaráð nauðsynlegt að lögbundið lágmarksútsvar verði afnumið og sveitarfélögum þannig gert kleift að keppa um útsvarstekjur. Slíkt myndi hvetja til hagræðingar og hafa þannig í för með sér hagkvæmari nýtingu tekna sveitarfélaganna. Til viðbótar við framangreint liggur það ljóst fyrir að stærðarhagkvæmni skiptir sveitarfélögum sem og fyrirtæki miklu máli. Með því að búa til hagkvæmari rekstrareiningar er unnt að nýta betur þá fjármuni sem til skiptanna eru, sem aftur gæti skilað sér í aukinni þjónustu við þegna sveitarfélaganna.

Viðskiptaráð telur þannig að aukið aðhald í rekstri, frekari sameiningar og afnám lágmarksútsvars séu þau skref sem þarft er að stíga til að færa fjárhagsstöðu einstakra sveitarfélaga til betri vega.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs